



ÁÆTLUN UM ÖRYGGI OG HEILBRIGÐI

Víkurskóli
Mánabraut 3-5, 870 Vík

Elín Einarsdóttir skólastjóri

Innihald

Inngangur	2
Samantekt á niðurstöðum áhættumats	2
Vinnuverndarstarf	2
Hollustuhættir	2
Vinnurými	3
Inniloft	3
Efna og efnaáhrif	3
Lýsing	3
Hávaði	3
Verkstöður – líkamlegt álag	3
Félagslegur og andlegur aðbúnaður	3
Stjórnun:	3
Athafnafrelsi og starfsþróun	3
Vandamál og erfiðir nemendur	4
Vinnutími	4
Endur og símenntun	4
Öryggi	4
Húsnæði og umhverfi	4
Sérrými	4
Smíða- og verkmenntastofur	Error! Bookmark not defined.
Aðbúnaður	4
Starfsmannarými	4
Ræstiklefi/klefar	4

Inngangur

Samkvæmt vinnuverndarlögum nr. 46/1980 ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem byggir á áhættumati. Markmiðið er að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og koma í veg fyrir heilsutjón vegna atvinnu eða vinnuumhverfisins og tryggja sem best vellíðan allra starfsmanna.

Áhættumatið skal ná til allra þátta í vinnuumhverfinu sem geta haft áhrif á heilsu og öryggi.

Eftirfarandi þættir voru skoðaðir við gerð áhættumats:

- Innra starf fyrirtækis
- Hollustuhættir
- Öryggi
- Sérými
- Aðbúnaður

Árangur af hinu kerfisbundna áhættumati verður metinn reglulega í samráði við öryggisnefnd skólans og úrbætur gerðar eftir það.

Samantekt á niðurstöðum áhættumats

Áhættumat Vinnueftirlitsins leiddi í ljós að ekki lá fyrir skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði, en sú áætlun lítur hér dagsins ljós. Þá lá ekki fyrir forvarnar- og viðbragðsáætlun fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi. Slík áætlun er í vinnslu í samstarfi við sveitarfélagið Mýrdalshrepp.

Vinnuverndarstarf

Hjá sveitarfélaginu Mýrdalshreppi starfar öryggistrúnaðarmaður. Kerfisbundið vinnuverndastarf er unnið í skólanum og er markvisst unnið að úrbótum sem kunna að koma upp eftir skoðunarferðir um vinnusvæðið. Starfsmenn er hvattir til að stunda heilbrigða líkamsrækt m.a. með styrk í líkamsrækt frá sveitarfélaginu. Skólinn er aðili að lýðheilsuverkefni Landlæknisembættisins; Heilsueflandi skóli“. Starfsmenn verja oft miklum tíma í vinnunni og því er mikilvægt að fá hollan og næringarríkan mat á vinnutímanum. Starfsmenn hafa aðgang að máltíðum í mötuneyti skólans

Öll vinnuslys eru tilkynnt og greint er frá tildrögum slyssins.

Sjá jafnframt starfsmannastefnu Mýrdalshrepps:

<https://www.vik.is/files/27/20110607112523603.pdf>

Hollustuhættir

Vinnurými

Stærð vinnurýmis starfsfólks er fullnægjandi. Aðbúnaður er ágætur og er vel um hann gengið. Ljósritunarvél, prentari og móðurtölvur eru í sérstöku rými.

Inniloft

Hita- og rakastig er eðlilegt. Unnið er að heildarlausn á upphitun í skólanum. Almenn loftræsting er góð. Þrif eru í mjög góðu lagi í öllu skólahúsnæðinu. Notkun tóbaks og áfengis er með öllu óheimil í húsnæði skólans og á skólalóð.

Efna og efnaáhrif

Varasöm og hættuleg efni eru að mestu geymd í læstum skápum/herbergjum. Efni í eldhúsi eru í lokuðum skáp sem ekki er með læsingu. Í verkmenntastofu er læstur skápur fyrir hættuleg efni.

Lýsing

Hæfileg lýsing er í skólahúsnæðinu bæði með tilliti til dagsbirtu og ljósgjafa og er viðhald og þrif í góðu standi.

Hávaði

Hljóðvist er nokkuð góð í skólahúsnæðinu. Starfsmenn skulu draga úr hávaða eins og kostur er og stuðla að því að þær ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr hávaða komi að notkun.

Röddin er atvinnutæki kennara. Hún er tæki þeirra til að miðla fræðslu til nemenda og halda aga. Ekki hefur verið markviss fræðsla um rödd, raddheilsu, raddbeitingu og hljómburð.

Verkstöður – líkamlegt álag

Gera þarf úttekt á vinnustöðu og líkamsbeitingu kennara og annarra starfsmanna. Léttitæki eru til staðar til að bera létta hluti milli staða s.s. hjólaborð. Rými er nægjanleg og eru vinnustólar með stillimöguleika þar sem að hægt sé að stilla hæð hans og stuðning við bak. Vinnuborð eru ekki hækkanleg.

Félagslegur og andlegur aðbúnaður

Stjórnun:

Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið sé lýðræðislegt, aðilar ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið. Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum. Starfsmannsamtöl eru árlega. Einnig eru skólastjórnendur mjög aðgengilegir.

Athafnafrelsi og starfsþróun

Einu sinni í viku eru sameiginlegir fundir skólastjórnenda og kennara þar sem öllum gefst kostur á að hafa áhrif á framgang og stjórnun vinnunar. Fyrsta fimmtudag hvers mánaðar er fundur með öllum starfsmönnum þar sem þeir fá tækifæri til að koma sýnum vangaveltum á framfæri. Starfsþróunarsamtöl eru regluleg fyrir alla starfsmenn. Jafnréttisáætlun sem tekur til starfsmanna liggur fyrir.

Vandamál og erfiðir nemendur

Reynt er að styðja við starfsmenn sem allra best við erfiða hegðun nemenda og námskeið sem efla okkur enn frekar í þeirri vinnu haldin eftir þörfum.

Vinnutími

Reynt er eftir fremsta magni að skapa starfsmönnum aðstæður til að samþætta kröfur til starfsins og fjölskyldunnar. Ef starfsmenn óska eftir sveigjanlegum vinnutíma, tímabundinni minnkun vinnu eða tímabundnu leyfi vegna persónulegra aðstæðna er leitast við að verða við ósk þeirra eftir því sem starfsemi stofnunarinnar leyfir.

Endur og símenntun

Starfsþróun og símenntunáætlun er til staðar og kallað er eftir hugmyndum og tillögum frá starfsfólki þar um. Starfsmenn eru hvattir til að efla sig í starfi og auka við þekkingu sem nýtist. Kennarar og leiðbeinendur nýta sér vel þá endur- og símenntun sem í boði er á svæðinu.

Öryggi

Húsnæði og umhverfi

Bæta þarf aðgengi fyrir fatlaða. Engin sérstök vöruhurð er á húsinu en að öðru leyti er aðgengi að húsinu gott. Umferðaleiðir innanhúss eru greiðar og öruggar. Rýmingarleiðir eru fyrir hendi. Rýmingaráætlun er til staðar og viðbrögð æfð einu inni á skólaári. Farið er yfir slökkvibúnað reglulega.

Sérrými

Verkmenntastofa

Verkmenntastofa skólans er í lausri kennslustofu á lóð skólans. Útbúnaður í verkmenntastofu eru í lagi. Þar er kennd handmennt og myndmennt.

Aðbúnaður

Starfsmannarými

Starfsmannasnyrting er fullnægjandi. Sturtuáðstöðu fyrir starfsfólk vantar. Kaffistofa kennara er þökkalega rúmgóð. Starfsmenn hafa læsta skápa fyrir persónulega muni.

Ræstiklefi/klefar

Ræstiklefar eru til staðar með nokkuð góðu aðgengi.